



Áveitan

1. tbl. 15. árgangur. Janúar 2021

Ágætu lesendur, gleðilegt ár

Nú lítur fyrsta tölublað Áveitunnar á nýju ári dagsins ljós. Þetta er fimmtánda árið sem blaðið er gefið út.

Eins og allir vita er frekar tíðindalítið þessa dagana og fáir viðburðir eða samkomur á dagskrá innansveitar, en við erum bjartsýn og treystum því að ástandið muni lagast eftir því sem á nýja árið líður.

Aðalfundur Umf. Þjóttanda sem vera ætti í lok janúar frestast eitthvað fram á veturinn. Verður vonandi auglýstur í næstu Áveitu.

Glímuæfingar yngri og eldri hefjast á mánudag og þriðjudag í Félagslund. Mjög góð mæting hefur verið í glímuna í vetur. Íþróttæfingar í Þingborg hefjast líka í vikunni og verða á sömu tímum og fyrir jól.

Sala á nýju félagspeysunum gekk vel og eru um 70 peysur komnar til nýrra eiganda. Það er eitthvað til af peysum ennþá og um að gera að heyra í Bryndísi eða Fanneyju ef áhugi er fyrir að kaupa, verðið er óbreytt, 4000 kr fyrir æfingapeysuna og 5.500 kr fyrir hettupeysu. Planið er svo að panta fleiri peysur fyrir vorið ef áhugi virðist fyrir því.

Nýjárskveðjur frá stjórn Umf. Þjóttanda

Dósasöfnun

Við í 10. bekk verðum á ferðinni núna í janúar að safna flöskum og dósum fyrir útskriftarferðina okkar í vor. Sjáumst.



10. bekkur Flóaskóla

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru starfsmenn, íbúar í Flóahreppi og aðrir lesendur

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir það gamla. Nú er ástæða til þess að horfa bjartsýn fram á veginn en taka með sér gagnlega reynslu undarfarinna mánaða.

Áfram þurfum við að vera varkár varðandi allar hópamyndanir og ekki útlit fyrir að hjarðónæmi verði náð í baráttunni við veiruna fyrir en eftir mitt ár 2021. Það er hins vegar auðvelt að komast í gegnum þetta núna þar sem búið er að festa kaup á nægilega miklu bóluefni fyrir alla landsmenn og sér fyrir endann á þessum vandræðum sem veiran hefur skapað.

Ástandið færði okkur hins vegar jól og áramót eins og ég þekkti sem unglundur, í fámenni aðeins með nánustu fjölskyldu, nú reyndar á netinu líka, við bókalestur, veislumat og sælgætisát í bland við útiveru í jólasnjó.

Flóahreppur hefur hlotið viðurkenningu Jafnréttisstofu vegna jafnlaunavottunar 2020 og leyfi til þess að nota jafnlaunamerkið.

Lærdómsríkt ferli sem staðið hefur yfir frá því á fyrri hluta ársins, lauk án teljandi athugasemda að hálfu úttektaraðila.

Árið 2021 er að hefjast á skrifstofu Flóahrepps, endurskoðun bókhalds frá 2020 hafin og fyrsti sveitarstjórnarfundur ársins áætlaður 12. janúar klukkan 13:00.

Með kærri þakklæti fyrir samstarf og samskipti á liðnu ári óska ég ykkur öllum gleðilegs nýs árs.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri.

Góðar gjafir frá nemendum Flóaskóla

Nemendur í Flóaskóla ákváðu að vera ekki með hefðbundinn pakkaleik fyrir þessi jól. Þess í stað var tekin sú ákvörðun að safna saman þeirri upphæð, sem annars hefði farið í gjafakaup fyrir pakkaleikinn, og gefa til góðgerðamála.

Nemendur í 7. – 10. bekk ákváðu að gefa sína upphæð í söfnunaráttak UNICEF, Sannar gjafir. Alls söfnðust tæpar 40.000 kr og keyptu nemendur fyrir þá upphæð m.a. 100 handsápur, námsgögn fyrir 4 börn, 10.000 vatnshreinsitöflur, 200 poka af jarðhnetumauki, vernd fyrir heilbrigðisstarfsfólk, ofurhetjupakka og krakkapakka. Nánari upplýsingar um gjafirnar má finna inn á sannargjafir.is

Nemendur í 1. – 6. bekk söfnuðu 50.769 kr og ákváðu að gefa upphæðina í Sjóðinn góða. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni sóknarkirkja í Arnessýslu, Rauða Krossins, félagsþjónustu Árborgar, félagsþjónustu Árnesþings og ýmissa félagasamtaka í Arnessýslu. Þetta samstarf hefur staðið síðan árið 2008 og hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðpurftum.

Á myndinni má sjá fulltrúa nemenda, þær Elfu Rún Heimisdóttur og Ástu Björgu Jónsdóttur, afhenda sr. Guðbjörgu Arnardóttur söfnunarféð.



Pistillinn

Ég vil byrja á því að þakka henni Ósk, mínum gamla samstarfsfélagu úr MBF fyrir áskorunina. Eins vil ég nýta mér aðstöðuna og senda hugheilar nýjárskveðjur til sveitunga, nær og fjær.

Undanfarin 4 ár höfum við fjölskyldan búið í Örafasveit. Við bjuggum á Hnappavöllum og unnum á Fosshótel Glacier Lagoon. Ég ákvað að skrifa pistilinn um þessa upplifun. Örafasveit er ansi afskekkt, það tekur um klukkustund að keyra á Kirkjubæjarklaustur, og rétt um klukkustund og korter að aka á Höfn. Þar eru næstu verslanir, bankar og önnur þjónusta. Það borgaði sig því að versla skipulega, því ekki skropp maður í búðina. Það er ansi veðrasamt í Örafasveit, ég hef heyrt því fleygt að hún sé bæði vindasamasta og úrkomumesta sveit á landinu. Ég hef ekki kannað heimildir fyrir því, en það kæmi mér ekki á óvart að það væri rétt. En að sama skapi er veðurfarið mjög temprað og verður aldrei mjög kalt eða mjög heitt, fyrir utan að snjó festir mjög sjaldan lengi, hann fýkur mjög fljótt í burtu. Ansi oft þurfti að hliðra til vegna vegalokana, en sviptivindar geta orðið ansi sterkir á nokkrum stöðum, og þó minna sé orðið um sandstorma vegna uppræðslu, þá er alveg hægt að lenda í slíkum.

Í Örafum býr mikið af góðu fólki og eignuðumst við mjög góða vini og kunningja. Við fórum mjög reglulega í dósatalningu með björgunarsveitinni, hjálpuðum til við að smala fé, urðum m.a. þeirrar reynslu aðnjótandi að fá að smala og aðstoða við að flytja fé úr Breiðamerkurfjalli, en það er flutt yfir Breiðá á pramma, en áin er óbrúuð og fólk fer yfir í kláfi, afskaplega skemmtileg hefð, þótt hún sé hvorki auðveld né hættulaus í framkvæmd. Eins tókum við þátt í skipulagningu á Góuhófi Örafinga, en þar er ekki Þorablót eins og er okkur þekktara. Þar er vissulega Þorablót, en það er haldið á kvöldmatartíma, börnin með og svo er spilað bingó. En Góuhófið er aðalskemmtunin. Það er haldið fyrstu helgina í mars. Á laugardegi. Það er Góuhófsnefnd sem sér um allt skipulag, skemmtiatriði, hljómsveit, mat og annað slíkt. Góuhófsnefnd er útvalin af fyrri nefnd og tilkynnt á hverju Góuhófi. Svo hefur nefndin ár til að skipuleggja. Eins sér nefndin um að vaska upp, dyravörslu og barsölu. En það er opinn bar og selt, bæði léttvín, bjór og sterkt áfengi. Maturinn er hlaðborð, forréttir og aðalréttir, margar tegundir og meðlæti, eftir matinn er kaffi og konfekt. Skemmtiatriðin eru annáll úr sveitinni, allar

helstu upptakomur ársins teknar saman, leikinn og sunginn, stundum eru video og aðrar tæknibrellur. Að lokum sjá nefndarmenn um að koma fólki heilu heim ef þörf er á! Við Birgir, maðurinn minn, vorum svo heppin að fá að vera í Góuhófsnefndinni eitt árið okkar og var það ómetanleg reynsla, ekki bara var ofboðslega gaman að standa fyrir þessari árlegu skemmtun með glans, heldur var líka ofboðslega gaman að kynnst betur fólkinu sem við vorum með í nefnd. Við héldum mjög reglulega fundi og hittumst nánast daglega síðustu 2 vikurnar, til þess að æfa atriði og söng, taka upp efni og panta inn. Ef ykkur stendur til boða að fara á Góuhóf, mæli ég eindregið með því að skella sér, ég hef heyrt fólk allstaðar af landinu segja að þetta sé eitt besta party sem það hefur farið í.

Meðan við dvöldum í Öräfum, fór Öräfajökull að ræskja sig. Við vorum því á reglulegum fundum með almannavörnum, til að fylgjast með framgangi mála. Sem betur fer ákvað hann blessaður að leggja sig bara áfram, öllum til mikils léttis. Á þeim tíma sem hann var að ræskja sig, fundum við reglulega fyrir jarðskjálftum, og þá var nú gott að vera ágætlega vanur þeim. Eins var okkur kennt og sagt að pakka niður í neyðarkassa/tösku til að taka með ef til kæmi að það þyrfti að rýma svæðið.

Okkur leið mjög vel í fámenninu í Öräfum, skólinn þar er mjög fámennur, en þessi 4 ár rokkaði nemendafjöldinn frá 4 og uppí 11. Aftur á móti voru allt uppí 8 börn í leikskólanum svo það horfir til aðeins betri vegar. Eins voru langar vegalengdir að fara í skólasund á Höfn. En þær ferðir voru ætíð nýttar í vettvangsferðir og gert eitthvað skemmtilegt í leiðinni. Mikil samkensla er í svona litlum skóla og t.d. sá einn maður um skólaakstur, matseld og íþróttakennslu.

En hér læt ég staðar numið og
kasta boltanum á mág minn,
Ágúst Inga Ketilsson á
Brúnastöðum.

Takk fyrir mig
Harpa Magnúsdóttir
Oddgeirshólum 4.



Uppskriftahornið

Hér er uppskrift af brauði sem Inger Nielsen sem er matráður í Flóaskóla gaf mér.

Hraunbrauð heitir það. Fljótlegt hollt og gott.

1 lítri súrmjólk

2 dl síróp

2 dl hveitíklíð

4 dl haframjöl

5 dl rúgmjöl

6 dl hveiti

2 dl hörfræ

3 tsk salt

3 tsk lyftiduft

3 tsk matarsóti

2 dl saxaðar hnetur

2 dl saxaðar dödlur eða rúsínur

Allt hrært vel saman, sett í 2-3 form. Bakað í 40 mín við 175°C.

Læt líka fylgja eina uppskrift af **lambkjötsrétti** sem ég á nú ekkert nafn yfir en þykir mjög góður.

2 laukar skornir í hringi

2 tsk matarolía

1/2 tsk negull

1/2 tsk kanill

1 dós tómatar

salt og pipar

5 stk lambakótelettur eða frampartssneiðar steiktar létt á þurri pönnu, settar á disk.

Matarolía hituð á pönnunni og laukurinn steiktur ljósbrúnn, kryddi og tómötum bætt úti og látið malla 2-3 mínútur. Sett í eldfast mót og kjötið ofaná. Sett í ofn 170°C í 30-40 mín ca.

Auðvitað eru kartöflur bornar með og annað sem hver vill.

Vona að einhverjum líki þessar uppskriftir.

Auðvitað verð ég að senda áskorun áfram og nú vil ég skora á enn eina virðulega kvenfélagskonu í Flóahreppi. Ég sendi því keflið á nöfnu mína Kristínu Stefánsdóttur á Hurðarbaki.

Kveðja, Kristín Tómasdóttir

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Fyrirhuguð er gönguferð laugardaginn 9. janúar kl. 10:30. Gengið verður um nýja Rimahverfið. Við hittumst hjá Elfu í Rimum 6 og hún leiðir gönguna. Hver hugsar um nesti fyrir sig. Allir velkomnir með.

Stjórnin



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Gallery Flói

Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.



Gott úrval af lista gjafavöru
handgerðar í Flóahreppi



Ný vefsíða fyrir áhugasama

www.galleryfloi.com

Fólk er ávalt velkomið í Gallery Flóa
í Gömlu Þingborg



Fanndís Huld 868-7486

Þorablótið í Þjórsárveri fellur niður

Því miður verðum við að fella þorablótið okkar niður þetta árið vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Sjáumst vonandi hress á þorablóti í Þjórsárveri 2022.

Nefndin

Kæru sveitungar

Því miður verðum við að fresta þorablótinu í Þingborg um eitt ár vegna Covid faraldursins og samkomutakmarkanna. Við munum leggja extra metnað í blótið að ári.

Bestu kveðjur

Þorablótsnefnd Hraungerðis- og Sandvíkurhrepps



Dagskrá mánaðarins

Gönguferð hjá Kvenfélagi Villingholtshrepps	9. janúar
Glímuæfing yngri	11. janúar
Æfingar í Þingborg	11. janúar
Glímuæfing eldri	12. janúar
Glímuæfing yngri	18. janúar
Æfingar í Þingborg	18. janúar
Glímuæfing eldri	19. janúar
Glímuæfing yngri	25. janúar
Æfingar í Þingborg	25. janúar
Glímuæfing eldri	26. janúar